

Tillaga að afgreiðslu og greinargerð

Til : Björg Baldursdóttir - forseti Bæjarstjórnar <Bjorg.Baldursdottir@kopavogur.is>, Pálmi Þór Másson - bæjarritari <palmi.thor.masson@kopavogur.is>, Orri Vignir Hlöðversson - formaður bæjarráðs <Orri.Hlodversson@kopavogur.is>, Ásdís Kristjánsdóttir - bæjarstjóri <Asdis.Kristjansdottir@kopavogur.is>, Hjördís Ýr Johnson - bæjarfulltrúi <hjordis.yr@kopavogur.is>, Andri Steinn Hilmarsson - bæjarfulltrúi <Andri.Steinn.Hilmarsson@kopavogur.is>, Elísabet Sveinsdóttir - bæjarfulltrúi <Elisabet.Berglind.Sveinsdottir@kopavogur.is>, Bergljót Kristinsdóttir - bæjarfulltrúi <bergljot@kopavogur.is>, Jóhanna Pálsdóttir - bæjarfulltrúi <johanna.palsdottir@kopavogur.is>, Helga Jónsdóttir - bæjarfulltrúi <Helga.Jonsdottir@kopavogur.is>, Kolbeinn Reginsson - bæjarfulltrúi <Kolbeinn.Reginsson@kopavogur.is>

Frá : Sigurbjörg Erla Egilsdóttir - bæjarfulltrúi <sigurbjorg.era@kopavogur.is>

Heiti : Tillaga að afgreiðslu og greinargerð

Málsnúmer : 26023222

Málsaðili : Kópavogsbær

Skráð dags : 10.03.2026 19:08:58

Höfundur : Sigurbjörg Erla Egilsdóttir - bæjarfulltrúi <sigurbjorg.era@kopavogur.is>

Dagskrárliður 3.1. Menningarmiðstöð í efri byggðum Kópavogs og Smáralind

Tillaga frá Bergljótu Kristinsdóttur, Helgu Jónsdóttur, Jóhönnu Pálsdóttur og Kolbeini Reginssyni

Lagt er til að bæjarstjórn vísi fyrirbyggjandi tillögum um:

- Staðsetningu menningarmiðstöðvar í efri byggðum Kópavogs og Smáralind
- Undirritun leigusamnings við Heima vegna leigurémis í Smáralind

til frekari umfjöllunar og upplýsingaöflunar í bæjarráði áður en málið er tekið til afgreiðslu í bæjarstjórn. Um tvö aðskilin mál er að ræða, annars vegar staðsetningu í Kórnum fyrir bókasafn í efri byggðum. Lengi hefur verið beðið eftir bókasafni og menningarmiðstöð fyrir íbúa efri byggða. Fyrirheitið í Áttavita til árangurs, málefnaáttmála Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, var að *stuðla að því að menningarkjarnar verði starfræktir í efri byggðum samhliða þungamiðju starfseminnar í menningarhúsunum við Hamraborg, MEKÓ*. Tillagan sem nú hefur verið kynnt er gjörbylting á fyrirbyggjandi stefnu og fyrirheitum. Hún felur í sér að allri framkvæmd í efri byggðum verður skotið á frest til 2029. Þess í stað á Smáralindin, sem er vestan Reykjanesbrautar að þjóna hlutverki menningarmiðstöðvar fyrir efri byggðir. Leigusamningur um 900 fm. aðstöðu í Smáralind til 10 ára kostar Kópavogsbæ meira en milljarð króna. Á móti verða 175 fm. lagðir undir bókasafn í Kórnum. Engin rök eru færð fyrir því að Kópavogsbæ liggja svo mikið á að undirrita leigusamninginn að bæjarfulltrúum gefist hvorki tími né gögn til að geta með góðri samvisku tekið upplýsta ákvörðun. Því er þess eindregið farið á leit að frestur gefist að fá skilning á verkefninu og geta tekið þátt í atkvæðagreiðslu um það. Í greinargerð með þessari tillögu koma m.a. fram umræðuefni og spurningar sem flutningsmenn telja nauðsynlegt að ræða í bæjarráði og fá umsagnir og upplýsingar um.

Greinargerð:

Hér er verið að leggja til mjög mikla og langvarandi fjárhagslega skuldbindingu fyrir íbúa Kópavogs á allra síðustu vikum kjörtímabils, með 10 ára leigusamningi án þess að gerður hafi verið samanburður við aðra valkosti eða fullnægjandi rök færð fyrir því að þetta sé hagkvæmasta og farsælasta útfærslan. Viðurkennt er í gögnum málsins og umræðu að fyrir Smáralind feli leigusamningurinn í sér mikil verðmæti. Engin rök eru færð fyrir nauðsyn Kópavogsbæjar á að afgreiða málið með því offorsi sem við blasir.

Menningarmiðstöð í efri byggðum sem lengi hefur verið á áætlun er nú klofin í tvennt. Annars vegar er lögð til önnur menningarmiðstöð vestan Reykjanesbrautar, en hins vegar er aðeins um að ræða lítið bókasafn í Kórnum fyrir efri byggðir.

Undirrituð telja óásættanlegt að ákvörðun um undirritun leigusamnings, skuldbindingar sem þrjár næstu bæjarstjórnir þurfa að efna, sé tekin við þessar aðstæður. Umboð núverandi bæjarstjórnar er að renna út og í fyrirliggjandi tillögu á að veita opið umboð til starfsmanna til áframhaldandi móttunar og undirritunar samnings. Það á að gera án þess að bæjarfulltrúum og almenningi hafi verið gefinn kostur á að sjá raunverulega valkostagreiningu, samanburð á staðsetningum og langtímaáhrifum fyrir menningarþjónustu í öllum bænum.

Það er ótækt að meirihluti sem á aðeins skamman tíma eftir af kjörtímabili skuli binda hendur bæjarins til langs tíma með þessum hætti, án fullnægjandi undirbúnings og gegnsæis. Málsmeðferðin öll leiðir til þeirrar ályktunar að verið sé að leiða fyrirfram ákveðna niðurstöðu til lykta fremur en að vinna málið á málefnalegum og gagnsæjum forsendum.

Undirrituð telja því rétt að fresta afgreiðslu málsins. Áður en ákvörðun er tekin þarf að leggja fram heildstæða og gagnsæja valkostagreiningu og fullnægjandi gögn um allan kostnað og skuldbindingar sem fylgja.

Spurningar sem þarf að svara eru m.a:

- Mun nákvæmari kostnaðaráætlun vantar fyrir rekstrarkostnað bæði í Kórum og Smáralind
- Nákvæmari útlistanir á kostnaði við uppsetningu beggja starfsstöðva vantar
- Hver á að greiða fyrir viðburði í Smáralind
- Hvernig er auglýsingakostnaður skilgreindur á milli Kópavogs og Smáralindar
- Hvernig er hægt að tryggja sjálfræði bókasafnsins í Smáralind t.d. varðandi opnunartíma
- Hefur verið kannað hvort einhverjir aðrir aðilar geta boðið Kópavogsbæ þá þjónustu sem þarfagreiningin kallar á
- Er hægt að koma inn uppsagnarákvæðum í samninginn
- Hvaða áhrif hefur þessi aukning á bæjarsjóð út samningstímann
- Hver er afleiddur kostnaður af því að reka þrjú bókasöfn með takmarkaðan bókakost sem á að flytja á milli safna ásamt safngripum frá Gerðarsafni og Náttúrusafni Kópavogs.
- Fyrir hverja er safnið í Smáralind. Stór hluti gesta þar býr utan Kópavogs. Skyldur Kópavogsbæjar og útgjöld eiga að vera fyrir Kópavogsbúa.
- Opnunartímar Smáralindar passa illa við skólastarf og heimsóknir skólabarna þar sem Smáralind opnar kl. 11 þegar matartímar eru að hefjast í skólum.
- Hvað knýr á um að Kópavogsbær undirriti samninginn áður en upplýsingar sem óskað hefur verið eftir gera minnihlutanum kleift að taka þátt í afgreiðslu málsins
- Hvernig má vera að Heimar rekstraraðili Smáralindar hafi áður en málið var

Bestu kveðjur,

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir

Bæjarfulltrúi

sigurbjorg.erla@kopavogur.is